# Fornfræði í 5. bekk (FORF1KB05)

## Námsáætlun og námsmat skólaárið 2026 - 27

**Stutt lýsing á áfanganum:**
Kenndar eru þrjár stundir á viku, þar sem fjallað verður í byrjun um mál og málsögu, varðveislu fornbókmennta, handritageymd og textaútgáfur. Megináhersla námskeiðsins liggur hins vegar á bókmenntasögu fornaldar. Lesin verða sýnishorn úr klassískum bókmenntum fornaldar í íslenskum þýðingum með áherslu á tvær bókmenntagreinar: **epos** og **harmleiki**. Lesnir verða þættir úr *Ilíonskviðu*, *Ódysseifskviðu*, *Aeneasarkviðu* og *Ummyndunum* Ovidiusar, gríski harmleikurinn *Medea* eftir Euripides og leikrit eftir Aischylos eða Sophokles.

**Kennslugögn:**
**Námsefni haust:**
Inngangur að fornfræði – Bókmenntir fornaldar (fjölrit frá kennara)
Hómer: Ilíonskviða í þýðingu Sveinbjarnar Egilssona. Áherslukaflar: 1, 2, 6, 9, 16, 22 og 24
Hómer: Odysseifskviða í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar. Áherslukaflar: 1, 6, 9, 13, 19, 21, 22 og 23
Vergilius: Aeneasarkviða í þýðingu Hauks Hannessonar. Áherslukaflar: 2, 4, 6, 10 og 12
**Námsefni vor:**
Ovidius: Ummyndanir í þýðingu Kristjáns Árnasonar (áherslukaflar tilkynntir eftir áramót)
Euripides: Medea í þýðingu Jóns Gíslasonar (fjölrit frá kennara)

**Kennsluhættir:**
Kennsla fer fram í fyrirlestra- og umræðuformi. Mikilvægt er að koma undirbúinn í tíma.

**Kennari:**
Kolbrún Elfa Sigurðardóttir

**Námsmat:**
**Námseinkunn** byggir jafnt á a) einu prófi á hvoru misseri, b) kynningu á kafla úr Odysseifskviðu á haustmisseri en ritgerð og 40 mínútna fyrirlestri um verk og höfund að eigin vali á vormisseri og c) ástundun (virkni í tímum, heimanámi og mætingu).
**Jólapróf**: Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.
**Vorpróf**: Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

**Birt með fyrirvara um breytingar**